

Athugasemdir við Þingskjal 554

413. mál á 149. löggjafabingi 2018-2019

Stjórnarfrumvarp - um breytingu á ýmsum lögum vegna brotfalls laga um kjararáð nr. 130/2016, með síðari breytingum (launafyrirkomulag)

Efnahags – og viðskiptanefnd.

Reykjavík, 4. janúar 2019.

Athugasemdirnar snúa að 8. og 9. gr. í V. kafla frumvarpsins er snúa að breytingum á 20. og 22. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 svo og 20. gr. er snýr að breytingu 39. gr. a. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (stml.).

Athugasemd þessi er lögð fram í sama anda og erindi sem aðstoðarsaksóknarar við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sendu á Kjararáð þann 6. apríl 2018 og lá þar óafgreitt við niðurfellingu ráðsins með lögum nr. 60/2018 þann 19. júní 2018. Erindið liggur sem stendur hjá dómsmálaráðuneytinu sem gaf það út að því yrði svarað efnislega þrátt fyrir niðurfellingu Kjararáðs.

Athugasemdirnar lúta að því að telja megi að eðlilegast væri að laun aðstoðarsaksóknara og eftir atvikum annarra ákæranda yrðu ákvarðaðar með lögum líkt og breytingatillögur í 8. og 9. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir að gert sé um laun vararíkissaksóknara, héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara sem starfa hjá ríkis- og héraðssaksóknara. Er þá sérstaklega horft til þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að laun saksóknara verði ákveðin með lögum.

Um inntak starfa ákæranda er fjallað um í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sml.). Í III. kafla laganna fjallar um ákærvaldið og þar kemur fram í 18. gr.:

■ 18.

- Ákærendur eru ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar. Að auki, í umboði þeirra, vararíkissaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar og saksóknarfulltrúar, svo og löglærðir aðstoðarlögreglustjórar.
- Hlutverk ákæranda er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Þeir taka ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákærvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum.
- Ákærendur skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Þeim ber jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er.
- Ákærendum er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmæltra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða starfshætti ákærvalds og lögreglu og fyrirhugaðar aðgerðir í þágu rannsóknar, og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Líkt og sjá má eru einungis þrír ákærendur í landinu, ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar og aðrir sem slíkt vald hafa, þar á meðal vararíkissaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar og saksóknarfulltrúar starfa í umboði þeirra.

Lögin gera þannig engan greinarmun á eðli starfa saksóknara og til að mynda aðstoðarsaksóknara en bæði störf fela í sér að viðkomandi teljist til ákæranda, sbr. 1. mgr. 18. gr. sml. Næstu þrjár málsgreinar ákvæðisins fjalla um hlutverk og skyldur þessara ákæranda sem eru þær sömu. Með öðrum orðum má því telja að eðli starfanna sé hið sama – að um sé að ræða starf sem ákærandi í umboði þeirra þriggja ákæranda sem um ræðir í 1. mgr. 18. gr.

Í 20. gr. sml. kemur fram að ríkissaksóknari sé æðsti handhafi ákærvalds í landinu. Héraðssaksóknari og lögreglustjórar landsins teljast því á lægra stigi ákærvalds og þá jafnhliða. Önnur ákvæði III. kafla fjalla um afmörkun á brotaflokkum á milli ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og lögreglustjóra en hvergi annars staðar er fjallað um afmörkun á milli þeirra ákæranda sem starfa í umboði þeirra, að einhverjir þeirra sé öðrum æðri vegna starfsheitis eða álíka en verkefni þeirra ráðast af brotaflokkum og eðli þess stjórnvalds sem um ræðir.

Eini munurinn í umræddum kafla á stöðu saksóknara og aðstoðarsaksóknara (eða annarra ákæranda), er í fyrsta lagi grundvöllur ráðningar þeirra þannig að saksóknarar eru embættismenn, sbr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og 22. gr. laga nr. 88/2008, og saksóknarar hafa heimild til að flytja mál fyrir Landsrétti og Hæstarétti.

Þá kemur fram í athugasemdum um 8. og 9. gr. frumvarpsins sérstakur rökstuðningur fyrir því af hverju laun vararíkissaksóknara, héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara við skuli ákvörðuð með lögum:

Hvað saksóknara varðar þá kemur m.a. fram í 11. gr. tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkja um hlutverk ákærvaldsins í refsivörslukerfinu frá 6. október 2000 að ríkjum beri að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ákærendur geti sinnt þeim störfum sem fylgja starfi þeirra og hlutverki án óréttmætra afskipta og án þess að þurfa að sæta ábyrgð að skaðabótarétti eða refsirétti eða á annan hátt. Í tilmælunum kemur einnig fram með ýmsu móti að staða ákæranda er lögð að jöfnu við stöðu dómara eftir því sem við getur átt. Hér má segja að formlega kynni það að verða talið geta haft áhrif á það hvernig ákærendur sinna störfum sínum að þeir væru undir ákvörðun framkvæmdarvalds settir um launakjör sín og starfsöryggi. Fyrir þá sem sæta rannsókn og hugsanlegri saksókn er mjög mikilvægt að geta verið þess fullviss að ómálefnanleg sjónarmið hafi ekki áhrif á ákvarðanir um saksókn. Er staða ákæranda að því leyti mun viðkvæmari en þeirra lögmannna sem reka þau dómsmál ríkisins sem lúta einkarétti. Störf ákæranda fela ekki eingöngu í sér málflutning heldur ekki síður ákvarðanir um framkvæmd rannsókna og ákvörðun saksóknar. Slíkar ákvarðanir geta skipt borgarana mjög miklu.

Í ljósi stöðu ákæranda er lagt til að laun þeirra verði ákvörðuð í lögum með fastri krónutölufjárhæð. Þær fjárhæðir sem fram koma í greinunum – miðast við úrskurði kjararáðs frá 6. júlí 2016 vegna launa og starfskjara vararíkissaksóknara og saksóknara við embætti ríkissaksóknara og úrskurð kjararáðs frá sama degi um laun og starfskjör héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara við embætti héraðssaksóknara. Laun þeirra verði síðan endurákvörðuð 1. júlí ár hvert miðað við hlutfallslega breytingu á meðaltali reglulegra launa starfsmanna ríkisins þar sem ekki er æskilegt að ráðherra skv. 39. gr. a laga nr. 70/1996 eða hlutaðeigandi ráðherra komi að ákvörðun launa og starfskjara þeirra vegna sjónarmiða um sjálfstæði þeirra. Er hér horft til sömu sjónarmiða og við ákvörðun launa dómara. Við framkvæmd þessara ákvæða er gert ráð fyrir því að þegar Hagstofa Íslands hefur birt tölurnar komi það í hlut Fjársýslu ríkisins

að uppfæra krónutölufjárhæð til samræmis við hlutfallslega breytingu á meðaltali reglulegra launa starfsmanna ríkisins.

Í tilvitnuðum rökstuðningi, sem er nær efnislega samhljóða þeim rökstuðningi sem kom fram með athugasemdum við 1. gr. laga um kjararáð nr. 130/2016 (lkr.), er alls staðar fjallað um ákærendur en ekki saksóknara sérstaklega. Rökin sem þannig eru notuð til að réttlæta ákvörðun launa saksóknara með lögum eru því efnislega sömu rök og eiga við um aðra ákærendur, þar á meðal aðstoðarsaksóknara. Kemur þar til að mynda fram að vegna stöðu ákæranda sé lagt til að laun þeirra verði ákvörðuð með lögum með fastri krónutölufjárhæð sem síðan eru endurskoðuð ár hvert og að ekki sé æskilegt að ráðherra komi að ákvörðun launa og starfskjara ákæranda vegna sjónarmiða um sjálfstæði þeirra. Af þessum lestri má ráða að lögin séu hugsuð fyrir alla ákærendur þar sem það væri ekki æskilegt að ráðherrar og eftir atvikum undirstofnanir þeirra komi að ákvörðun launa og starfskjara þeirra.

Þá má sérstaklega benda á að líkt og sjá má af textanum þá er það almennt mjög mikilvægt að ómálefnanleg sjónarmið hafi ekki áhrif á ákvarðanir ákæranda er lúta að bæði rannsókn og saksókn. Hvað rannsókn varðar þá annast embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu langflestar rannsóknir þeirra afbrota sem framin eru hér á landi.

Alvarlegustu afbrotin eru rannsökuð af rannsóknarlögreglumönnum lögreglustjóra. Að rannsókn lokinni eru málin send ákærendum lögreglustjóra sem taka ákvörðun um framhald máls. Þeir geta gefið fyrirmæli um frekari rannsóknaraðgerðir, sbr. 2. mgr. 57. gr. sml. sem og tekið ákvörðun, í öllum tegundum mála, að rannsókn máls skuli hætt, sbr. 52. gr. sml., sent málið til viðeigandi ákæranda skv. 23. gr. sml. og í þeim málum sem heyra undir lögreglustjóra tekið ákvörðun um saksókn eða niðurfellingu máls, sbr. 145. sml.

Alvarleg afbrot líkt og morð, nauðganir og önnur kynferðisbrot, meiriháttar líkamsárásir, rán, sífjabrot, hættubrot og fleiri eru þannig öll á forræði ákæranda lögreglustjóra sem, ásamt því að gefa rannsóknarfyrirmæli, annast flest allar kröfugerðir fyrir dómi (sem skipta hundruðum á hverju ári og fer fram flutningur fyrir dómara oftast að viðstöddum verjanda og sakborningi) t.d. er varða gæsluvarðhöld, farbönn, húsleitir, símhlustanir, eftirfarabúnaði, kröfur um afhendingu gagna, dómkvaðningu matsmanna og margt fleira. Á þessu stigi má telja að ákærandi lögreglustjóra sé í afar viðkvæmri stöðu því á rannsóknarstigi hefur hann mjög mikil áhrif á framgang rannsóknarinnar sem og getur ákveðið að henni skuli hætt. Má í því samhengi benda á reglur Ríkissaksóknara nr. 2/2018 gera ráð fyrir að ákærendur lögreglustjóra séu ábyrgir fyrir rannsóknaráætlunum lögreglu og beri ábyrgð á framgangi og gæðum rannsókna sakamála svo hún geti verið sá grundvöllur sem mælt er fyrir um í 53. gr. sml.

Þá má má telja að ákærendur í þessari stöðu séu almennt viðkvæmari fyrir afskiptum stjórnvalda sem hugnast ekki störf þeirra og má nefna nýleg dæmi eins og „Lekamálið“, sem nokkra umfjöllun fékk í fjölmiðlum, sem og önnur sem ekki fóru jafn hátt. Í þessu samhengi má minnst á að í skýrslu spillingarnefndar Evrópuráðsins (GRECO) frá árinu 2013 voru gerðar athugasemdir við skipunartíma ákæranda hér á landi og talið ófullnægjandi að ákærendur hefðu ekki, líkt og dómarar, ótímabundinn skipunartíma. Nefndin beindi þannig þeim tilmælum að Ísland réðist í úrbætur á þessu en hér á landi eru einungis ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, héraðsaksóknari og varahéraðsaksóknari skipaðir ótímabundið. Í skýrslu nefnarinnar frá 13. desember 2017 var aftur fundið að þessari tilhögun og kom þar meðal annars skýrlega fram að tilmælin frá árinu 2013 ættu við um alla ákærendur og skilja má af lestri skýrslunnar að slíkt sé einnig skilningur ríkissaksóknara.

Þegar ákærandi lögreglustjóra kemst að þeirri niðurstöðu að mál, sem ekki heyra undir saksóknarvald hans, er fullrannsakað þá sendir hann málgögn ásamt greinargerð, þar sem fram koma athugasemdir hans er varða heimfærslu og sönnunarstöðu málsins og oftast en ekki drög að ákærutexta til annað hvort ríkis- eða héraðssaksóknara, sbr. skiptingu í III. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ákærendur lögreglustjóra vinna þannig mál, sem eru á forræði ríkis- og héraðssaksóknara, oftast en ekki upp í hendurnar á ákærendum sem þar starfa og það fyrir utan öll þau mál sem eru á forræði lögreglustjóra og þeir reka fyrir dómstólum.

Allt að einu tiltekur tilvitnaður rökstuðningur hvergi að ástæða þess að með lögum skuli ákvarða laun vararíkissaksóknara, héraðssaksóknara og saksóknara þeirra embætta sé sú að þeir séu embættismenn. Má fremur telja að rökstuðningurinn taki mið af eðli starfa ákæranda og það sé raunveruleg ástæða fyrir tilgreiningu á umræddum starfsheitum í ákvæðunum. Má í þessu samhengi benda á að ráðningartími (skipunartími/setningartími) saksóknara ekki sá sami og ríkissaksóknara. Hvað varðar þá staðreynd að saksóknarar geta annast málflutning fyrir Hæstarétti og Landsrétti en ekki aðstoðarsaksóknarar þá er hvergi minnst á það í greinargerðinni og verður varla talið að það afmarkaða verkefni feli í sér eðlismun á störfum þeirra og starfa aðstoðarsaksóknara enda eingöngu verið að tala um málflutning fyrir æðra dómstigi í afar takmörkuðum fjölda á tilteknum tegundum sakamála á meðan þorri mála fer fram fyrir héraðsdómi og flutt af öllum ákærendum, þar á meðal aðstoðarsaksóknurum. Þá annast aðstoðarsaksóknarar lögreglustjóra öll kærúmál fyrir Landsrétti (áður Hæstarétti) sem eru umtalsvert fleiri en þau mál sem málflutningur fer fram í.

Telja má af lestri greinargerðar frumvarpsins að eitt af markmiðum laganna er að tryggja að laun þeirra starfsstétta sem þar eru talin upp séu ákvörðuð með lögum þar sem löggjafinn telur eðli starfa þeirra ekki bjóða upp á annað. Ef svo haft er í huga að framangreind rök fyrir því að laun vararíkissaksóknara, héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara eru ákvörðuð með lögum, eiga jafnframt við um aðra ákærendur svo og að ákærendur lögreglustjóra, sem og þeir sjálfir, megi almennt teljast í viðkvæmari stöðu vegna nálægðar sinnar vegna hlutverks við rannsókn mála, líkt og komið er inn á hér að framan, má telja að markmið laganna hvað þetta varðar náist síður ef laun ákæranda lögreglustjóra verða ekki ákveðin með lögum líkt og laun saksóknara.

Þá má benda á að í fyrri úrskurði Kjararáðs, í tíð laga nr. 47/2006, var sú ákvörðun tekin að laun og starfskjör saksóknara heyrðu undir Kjararáð, sbr. úrskurð nr. 2009.5.001. Í rökstuðningi kjararáðs kom m.a. fram:

Ákvæði laganna [nr. 88/2008 og 135/2008] miða að því að efla og styrkja ákærvaldið og tryggja sjálfstæði þess ekki síst gagnvart handhöfum framkvæmdavalds.

Ákærendur taka ekki við fyrir mælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákærvalds, nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um meðferð sakamála.

Hlutverk þeirra er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Þá skulu þeir gæta hlutlægni í störfum sínum, þeir skuli vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar.

Öll framangreind sjónarmið leiða af greinargerð með frumvarpi því er varð að sml. annars vegar og hins vegar er um nær orðréttu upptalningu á inntaki 2. og 3. mgr. 18. gr. sömu laga. Hvoru tveggja eru sjónarmið sem eiga við um alla ákærendur, þar á meðal aðstoðarsaksóknara og aðra ákærendur.

Í rökstuðningnum kom einnig fram:

Störf saksóknara fela ekki í sér fyrirvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum. Saksóknarar eru embættismenn samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 40. gr. sömu laga er embættismönnum óheimilt að efna til eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum.

Störf ákæranda fela almennt ekki í sér fyrirvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum. Þó má minnst á það að vissir ákærendur, yfirmenn, t.d. ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar geta haft umtalsvert að segja um laun sumra ákæranda sinna hvað varðar niðurröðun í launaflokka og ákvörðun um fjölda yfirvinnueininga. Þá liggur það fyrir eins og áður hefur komið fram að munurinn á aðstoðarsaksóknara og saksóknara liggur í grundvelli ráðningar þeirra þar sem saksóknari er embættismaður en aðstoðarsaksóknari ekki. Þrátt fyrir það er ekki eðlismunur á starfi þeirra þar sem þeir eru í sambærilegri stöðu hvað varðar verkefni, hlutverk, ábyrgð og kröfur, sbr. t.d. 18. gr. sml. Þá má í þessu samhengi einnig benda á að bæði saksóknarar og aðstoðarsaksóknarar eru undir sama hatti þegar kemur að möguleikum á launuðum aukastörfum. sbr. 20. gr. laga stml. og ljóst að báðir hafa úr takmörkuðum möguleikum að velja þegar kemur að slíku samhliða starfi sem ákærandi.

Í niðurlagi rökstuðningsins kemur svo fram:

Í 11. gr. tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkja um hlutverk ákærvaldsins í refsivörslukerfinu frá 6. október 2000 kemur m.a. fram, að ríkjum beri að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ákærendur geti sinnt þeim störfum sem fylgja starfi þeirra og hlutverki án óréttmætra afskipta og án þess að þurfa að sæta ábyrgð að skaðabótarétti eða refsirétti á annan hátt. Í tilmælunum kemur einnig fram með ýmsu móti að staða ákæranda er lögð að jöfnu við stöðu dómara eftir því sem við getur átt. Vafalaust er, að formlega kynni það að vera talið geta haft áhrif á það hvernig ákærendur sinna störfum sínum, að þeir væru undir ákvörðun framkvæmdavalds settir um launakjör sín og starfsöryggi. Fyrir þá sem sæta rannsókn og hugsanlegri saksókn er mjög mikilvægt að geta verið fullviss, að ómálefnanleg sjónarmið hafi ekki áhrif á ákvarðanir um saksókn. Er staða ákæranda að því leyti mun viðkvæmari en þeirra lögmanna sem reka þau dómsmál ríkisins, sem lúta einkarétti. Störf ákæranda fela ekki eingöngu í sér málflutning heldur ekki síður ákvarðanir um rækslu rannsókna og um saksókn, sem skipta borgarana mjög miklu.

Eins og sjá má er umræddur rökstuðningur nær samskonar þeim sem birtist í greinargerð með frumvarpi því er varð að lkr. sem og frumvarpinu sem um ræðir og kemur fram hér að framan og má telja að kjararáð hafi verið sammála frumvörpunum hvað störf ákæranda varðar. Þá má benda á að í tilvitnuðum rökstuðningi er alls staðar fjallað um ákærendur, ekki saksóknara sérstaklega, og má fallast á að hann eigi við um alla ákærendur, þar á meðal aðstoðarsaksóknara, líkt og þar greinilega stendur en annars er vísað í þær athugasemdir við nær sama texta hér að framan.

Í þessu samhengi má minnst á að við ákvörðun um laun og starfskjör héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara við embætti héraðssaksóknara, sbr. úrskurð nr. 2016.4.015, var ákvörðun Kjararáðs rökstudd meðal annars með vísan í störf ákæranda:

Störf ákærenda fela ekki eingöngu í sér málflutning fyrir dómi heldur ekki síður ákvarðanir um rannsókn mála og saksókn. Eins og fram kemur í lögum um meðferð sakamála taka ákærendur ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákærvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum. Hlutverk ákærenda er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem fremja afbrot verði beittir lögmæltum viðurlögum. Þeir skulu gæta hlutlægni í störfum sínum, vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar.

Eins og sjá má lýtur rökstuðningur Kjararáðs að inntaki 18. gr. sml. sem líkt og áður sagði á við um alla ákærendur þar á meðal saksóknara og aðstoðarsaksóknara.

Með hliðsjón af framansögðu má telja að rök leiði til þess að heppilegast sé að nýta það tækifæri sem felst í fyrirhuguðum lagabreytingum og styrkja sjálfstæði ákærenda þannig að laun þeirra allra séu ákvörðuð með lögum en ekki einungis sumra þeirra. Framangreind rök leiða þannig líkur að því að þeir ákærendur sem ekki eru taldir upp í 8. og 9. gr. frumvarpsins eru þeir ákærendur sem helst þyrfti að tryggja sjálfstæði enda hafa þeir umsjón og stjórn með langflestum rannsóknnum er síðan verða að sakamálum og má telja almennt óheppilegt að slíkir ákærendur séu bæði eftirbátar launalega séð og mögulega ekki tryggð sama starfsöryggi og t.d. saksóknurum. Sömu ákærendur annast jafnframt saksókn í langflestum opinberum málum hér á landi ásamt því að sinna verkefnum sem snúa að beitingu þvingunarúrræða og mörgum verkefnum sem felast í starfinu. Mætti og telja slíka ráðstöfun einnig í samræmi við ítrekaðar kröfur spillingarnefndar Evrópuráðsins (GRECO) sem og felast í röksemdafærslu í þeim úrskurðum Kjararáðs er varða ákærendur.

Hvað varðar krónutölu sérstaklega má almennt telja að að laun annarra ákærenda en þeirra sem 8. og 9. gr. þegar tiltekur, ættu að vera í samræmi við laun saksóknara líkt og þau eru þar tilgreind. Því til stuðnings, fyrir utan það sem þegar hefur komið fram, má benda á að þau rök sem Kjararáð bar fyrir sig í framangreindum úrskurðum eiga að nær að öllu leyti við um aðstoðarsaksóknara (og aðra ákærendur) lögreglustjóra. Má þannig benda á að í niðurlagi beggja úrskurðanna er texti þar sem farið er lauslega yfir störf og hlutverk ákærenda (sem á við um alla ákærendur lögreglustjóra), sem eins og áður hefur komið fram eru meðal annars aðstoðarsaksóknarar.

Ef óskað er eftir því er unnt að veita frekari rökstuðning og upplýsingar um eðli starfa ákærenda.

Kveðja.

Sigurður Ólafsson

aðstoðarsaksóknari við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.